


Verklag við talningu atkvæða í Reykjavíkurborgsdæmi norður

Kynning fyrir undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa

26. október 2021

- Verklagið sem kynnt verður er að meginstefnu það sama í báðum Reykjavíkurborgkjördæmunum.
- Talning í báðum kjördæmum fer fram á sama stað en talningarsvæðin eru algerlega aðskilin.
- Við talningu starfa tæplega 70 manns í hvoru kjördæmi
- Starfsmenn í afstemmingu, flokkun og yfirferð eru ráðnir af Reykjavíkurborg
- Hluti starfsmanna í yfirferð II kemur frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu
- Talningarstarfsfólk er vant pappírsvinnufólk úr prentið

Uppsetning í talningarsal Laugardalshallar 2021



Afstemming

Flokkun og yfirferð

Talning

Almennt

- Þrískipt ferli
 - Kjölfundaratkvæði allra kjörstaða (nema Kjalarness) frá morgni fram til c.a. 16:30 (fyrri kassar)
 - Kjölfundaratkvæði allra kjörstaða frá c.a. 16:30 til 22:00 (seinni kassar)
 - Utankjölfundaratkvæði (seinni kassar)
- Eftirfarandi verklag á við í öllum tilvikum
 - að viðbættu því að áður en utankjölfundaratkvæði eru flokkuð eru innri umslög með atkvæðaseðlum opnuð með skurðarvél

Áður en hafist er handa

Kjörkassar

- Tryggt að allir kjörkassar séu komnir inn í sal
- Kannað að kjörkassar séu heilu lagi, innsigli órofin o.s.frv.
 - umboðsmönnum er boðið að taka þátt í þessari skoðun

Salur

- Tryggt að ekki sjáist inn í talningarsal, t.d. að búið sé að byrgja glugga og slíkt
- Tryggt að allar útgönguleiðir, gluggar og annað slíkt sé læst og innsiglað

Afstemming

- Tilgangur afstemmingar er að sannreyna að fjöldi atkvæða í kjörkassa sé sá sami og samkvæmt upplýsingum frá hverfiskjörstjórn
- Talningastjórar fá upplýsingar um fjölda atkvæða í hverjum kjörkassa frá hverfiskjörstjórnnum
- Starfsfólk opnar kjörkassa og fjöldi kjörseðla er talinn
- Ef fjöldi kjörseðla í kjörkassa stemmir við tölur frá hverfiskjörstjórn eru atkvæði færð af afstemmingarsvæði og sett í kistu
- Ef talning stemmir ekki eru kjörseðlar taldir þar til fullvissa er um fjölda þeirra og eru þau þá sett í kistu
 - Oft er tví- eða þríalið og stundum kjörkassar færðir á milli borða til að fullvíst sé um fjölda atkvæða
- Fjöldi atkvæða í hverjum kjörkassa er skráð í excel-skjal

Flokkun

- Tilgangur flokkunar er að flokka atkvæði í bunka
- Kjörseðlum er blandað í kistu af handahófi og dreift af handahófi í flokkun
- Kjörseðlar skoðaðir og þeir flokkaðir í eftirfarandi flokka:
 - Listabókstafir (óbreyttir)
 - Breyttir seðlar
 - Breyttir seðlar eru flokkaðir eftir listabókstöfum sérstaklega
 - Auðir seðlar
 - Vafaatkvæði
 - Fara í úrskurð til yfirkjörstjórnar

Yfirferð I

- Tilgangur yfirferðar I er að kanna að öll atkvæði í viðkomandi bunka séu eins
- Starfsmenn fá bunka sem á að innhalda eins atkvæði og starfsmaður kannar hvort svo sé og færir ranglega flokkuð atkvæði í réttan bunka

Yfirferð II

- Sami tilgangur og verklag og í yfirferð I
- Hver bunki er því tvíyfirfarinn áður en hann er færður á svokallað frálagsborð
- Í yfirferð II eru m.a. starfsmenn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu

Frálagsborð

- Á frálagsborð eru atkvæði lögð eftir að hafa farið í flokkun og yfirferð I og II
- Frálagsborði er skipt upp eftir listabókstöfum í stafrófsröð en þar að auki eru svæði fyrir bæði auða og ógilda seðla
- Borðtennisnet hafa verið notuð til að skipta upp borði og svæðið auðkennt með listabókstafi
 - Tryggir að atkvæði renni ekki á milli og hjálpar til við afmarka svæði hvers flokks
- Lykilatriði að eingöngu talningastjórar eða einhver sem þeir tilnefna leggja atkvæði á frálagsborð
 - Starfsmenn afhenda talningastjóra bunka og tilgreina listabókstaf, talningastjóri staðfestir listabókstaf og leggur bunkann á þartilgreint svæði
- Stutt vegalengd frá yfirferð II á frálagsborð

Alþingiskosningar 2021 - Streymi frá talningu atkvæða og tölur úr Reykjavíkurdæmum

Afstemming



Úrskurðir
yfirkjörstjórnar



Flokkun og
yfirferð




Frálagsborð



Talningaborð



Talin atkvæði




Talning

- Eingöngu talningastjórar, yfirkjörstjórn, starfsmenn hennar og þeir aðilar sem sjá um talningu eru á því svæði sem talning atkvæða fer fram
- Talningafólk kemur til vinnu kl. 22. Talningafólk Reykjavíkur eru sérfræðingar sem starfa/hafa starfað í prentsmiðju.
- Áður en talning hefst (eða í síðasta lagi áður en henni lýkur) þarf að tryggja að öll atkvæði séu komin á frálagsborð
 - tryggir að hægt sé að bera saman tölur úr afstemmingu og talningu
- Talningastjóri færir bunka af frálagsborði yfir á talningaborð
- Framkvæmdin er sú að mynduð eru nokkur tveggja manna teymi
- Atkvæði talin í 25 seðla búnt og afhent mótaðila sem staðfestir talningu

Talning frh.

- Fjögur 25 seðla búnt sett saman í 100 seðla búnt og sett í teygju
- Talningastjóri færir 100 atkvæða búnt á borð fyrir talin atkvæði
- Búnt sem ekki ná 100 seðlum eru sett í teygju með límmiða þar sem fjöldi atkvæða er tilgreindur
- 100 atkvæða búntin eru lögð í 1.000 atkvæða stafla
- Talning (í raun samlagning) framkvæmd
- Talin atkvæði færð í excel-skjal
 - Talningastjóri og sá sem fer fyrir talningafólki bera saman tölur
- Kjörfundaratkvæði úr fyrri kössum haldið aðskildum frá kjörfundaratkvæðum úr seinni kössum
 - tilgangurinn er að auðvelda leit að skekkjum eða villum

Alþingiskosningar 2021 - Streymi frá talningu atkvæða og tölur úr Reykjavíkurborgardæmum





Ógildir 20

2:25:55 / 6:37:39


Scroll for details



Alþingiskosningar 2021 - Streymi frá talningu atkvæða og tölur úr Reykjavíkurborgardæmum



Seinni kassar



Fyrri kassar



6:20:13 / 6:37:39

1691 atkvæði

scroll for details

M - 1456 atkvæði



Birting talna

- Áður en tölur eru gerðar opinberar og oddviti yfirkjörstjórnar les upp í heyranda hljóði eru talin atkvæði borin saman við fjölda atkvæða úr afstemmingu og við tölur um greidd atkvæði.
- Tölur eru ekki gefnar upp fyrr en skekkja hefur verið fundin.
 - Skekkja getur verið vegna samlagningarvillu, innsláttarvillu, o.s.frv. og geta verið í talningarskjali, afstemmingarskjali og í upplýsingum um greidd atkvæði
 - Algengasta skekkjan kemur vegna utankjörfundaratkvæða sem fara í úrskurð vegna galla á fylgiseðlum og koma frá hverfiskjörstjórnnum með uppgjöri þeirra en eru ekki í kjörkössum

Umboðsmenn

- Umboðsmenn flokka/framboða eru í gulum vestum til að hægt sé að aðgreina þá frá starfsmönnum auk þess sem þeim fylgja einn til tveir starfsmenn
- Eru ekki inn á talningasvæði nema til að skoða innsigli áður en kjörkassar eru opnaðir og þegar úrskurðað er um vafaatkvæði
- Er boðið að sannreyna að kjörkassar séu tómir áður en þeim er lokað og gengið frá þeim
- Hafa að öðru leyti ekki beina aðkomu að framkvæmdinni en sinna eftirliti allan tímann, frá upphafi flokkunar til enda.

Almenningur

- Getur fylgst með talningu á talningarstað frá kl. 22.00 þegar talning hefst
- Talning er jafnframt beinu streymi á vef Reykjavíkurborgar
- Almenningur kemur ekki inn á talningasvæðið sjálf

Aðrar aðgerðir sem takmarka eiga villur/misferli

- Starfsmenn í yfirferð I og yfirferð II bera ekki ábyrgð á tilteknum listabókstaf heldur fá þeir mismunandi lista
- Kjörseðlar fara aldrei út af talningasvæðinu
- Svæðið afmarkað með grindum, eingöngu hægt að komast inn og útaf svæði á einum stað
- Svæðið er opið þannig að talningastjórar og yfirkjörstjórn hafi yfirsýn
- Notast er við penna, engir blýantar eða strokleður eru leyfðir á talningasvæði
- Töskur, bakpokar og annað slíkt er geymt í útjaðri talningasvæðis
- Öryggisverðir eru í talningarsal frá upphafi flokkunar